Smári Ólason:
„Það er komið bréf“

Fyrir hönd stjórnar Breiðdalssetur vil ég fjalla um Dr. Stefán Einarsson í nokkrum orðum. Á sýningu þeirri sem sett hefur verið upp í anddyri Þjóðarbókhlöðunnar má kynna sér ítarlegar upplýsingar um líf og störf Stefáns svo ég ætla ekki að fara yfir nema rétt helstu atriðin.
Stefán var fæddur 9. júní 1897 að Höskuldsstöðum í Breiðdal, sonur þeirra Einars Gunnlaugssonar bónda og póstafgreiðslumanns og Margrétar Jónsdóttur. Snemma kom í ljós að Stefán var mjög greindur og frekar hneigður fyrir bókina en bústörfin og því fór það svo að þessi sveitadrengur úr Breiðdalnum gekk menntaveginn. Vinur Stefáns og skólabróðir, Sigurjón Jónsson í Snæhvammi, sagði að úr Stefáni hefði verið hægt að gera þrjá menn, svo fjölbreyttir hefðu hæfileikar hans verið. Hann hefði getað orðið fræðimaður, myndlistarmaður og tónlistarmaður. Ungur lærði hann að spila á fiðlu sem ekki var algengt á þeim tíma og einnig spilaði hann á gítar og píanó. Eftir hann liggur fjöldi teikninga og skissubóka með teikningum og vinnubækur hans og dagbækur eru víða skreyttar með teikningum. Fyrst var Stefán í skóla á Búðum í Fáskrúðsfirði frá 1909-12, þaðan fór hann til Akureyrar þar sem hann lauk gagnfræðaprófi 1914 og eftir eins árs dvöl í Reykjavík lauk hann stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1917. Meistaraprófi í íslenskum fræðum lauk Stefán frá Háskóla Íslands árið 1923 og námi sínu erlendis, m.a. í Helsinki og Cambridge, lauk Stefán með doktorsprófi frá Oslóarháskóla árið 1927. Ritgerð sína skrifaði Stefán á þýsku og heitir hún *Beiträge zur Phonetik der Isländischen Sprache,* en hún fjallar um hljóðfræði í íslensku máli. Á þessum árum hafði Stefán einnig starfað eitthvað með Sigfúsi Blöndal við vinnu að hinni miklu orðabók hans í Kaupmannahöfn.
Sama ár og Stefán lauk við doktorsvörn sína fékk hann kennarastöðu við John Hopkins háskólann í Baltimore og þar starfaði hann allt til þess að hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1962. Hann flutti þá aftur heim til Íslands ásamt seinni eiginkonu sinni, Ingibjörgu Jónheiði Árnadóttur.
Þau rétt tæp 40 ár sem Stefán dvaldi erlendis var hann mjög iðinn við að skrifa bréf heim til Íslands, en stundum má sjá að hann hafi ekki verið alveg ánægður með að pennavinir hans væru ekki nógu duglegir að svara honum. Ég hef því kosið að kalla þetta ávarp mitt „Það er komið bréf,“ því varla hefur nokkuð glatt hann jafn mikið er hann kom heim eftir langan vinnudag en að heyra þessa setningu.

Á sama tíma voru opnaðar í Þjóðarbókhlöðunni sýningar með þremur mönnum, þeim Halldóri Kiljan Laxness, Benedikt S. Þórarinssyni og Stefáni Einarssyni. Stefán tengdist báðum þessum mönnum. Benedikt var Breiðdælingur og þó svo hann væri 36 árum eldri þarf ekki að fara í neinar grafgötum með að þeir hafa þekkst þann tíma sem Stefán dvaldi í Reykjavík. Þeir voru fjórmenningar, komnir af Gunnlaugi Ögmundssyni og Oddnyju Erlendsdóttur sem skv. Manntali 1801 bjuggu þá Þorgrímsstöðum í Breiðdal. Langamma Stefáns var nefnd Guðný „eldri,“ fædd 1766 en systir hennar, langamma Benedikts, var árinu yngri og ekki var farið langt í nafnavalinu, en hún var nefnd „Guðný „yngri.“ Sólon, sonur Benedikts sem var tveimur árum yngri en Stefán var á sama tíma og hann í Menntaskólanum í Reykjavík. Samkvæmt heimildum var Sólon fluttur til Bandaríkjanna árið 1919 og hann bjó þar allt þar til hann dó árið 1971. Þeir Sólon og Stefán hafa örugglega einnig þekkst þar því eins og við vitum þá eru tengsl Íslendinga í fjarlægum löndum mjög sterk, hvað þá þegar þeir eru skyldir.
Í minningu um aldarafmæli Benedikts 1961 var gefin út bókin „Studia Centenalia“ honum til heiðurs. Í fréttatilkynningu í Þjóðviljanum það sama ár segir: „Í riti þessu verða ritgerðir um margvísleg efni bókmenntalegs og vísindalegs eðlis eftir nokkra nafnkunna menn, íslenzka og erlenda.” Einn þeirra sem skrifaði í þetta rit var Stefán Einarsson og heitir grein hans: “Eiríkur Magnússon: The Forgotten Pioneer.” Eiríkur, sem hafði starfað sem fræðimaður og bókavörður í Cambridge, var ömmubróðir Stefáns í móðurætt og árið 1933 hafði Stefán gefið

út ævisögu hans. Leiða má getum að því að skilningur hafi verið fyrir því á æskuheimili Stefáns, að það væri kannski hægt að hafa í sig og á með öðru en brauðstritinu einu saman þar sem var þessi móðurbróðir Margrétar.

Þann 11. júní á síðasta ári var formlega opnuð í Breiðdalssetri á Breiðdalsvík Stefánsstofa og þá var haldið málþing um Stefán Einarsson. Vésteinn Ólason, sem er einn af stjórnarmönnum Setursins, hélt þar erindi sem hann kallaði „Bókmenntarannsóknir Stefáns Einarssonar." Í þessu erindi kom Vésteinn inn á bréfaskipti þeirra Stefáns og Halldórs Kiljans Laxness. Það virðist vera að þeir hafi þekkst eitthvað frá fyrri tíð áður en þeir báðir héldu til Bandaríkjanna. Stefán hafði lesið verk Halldórs „Vefarinn mikli frá Kasmír" og það hafði sannfært hann um að Halldór væri snillingur. Þann 26. september 1928 svarar Halldór bréfi Stefáns sem er glatað. Þar segir Halldór: „Bestu þakkir fyrir bréf þitt frá Ithaca. Ég hafði ekki hugmynd um að þú værir í þessu landi. – Æfisaga mín yrði bara ein saga í viðbót og lítið á henni að græða um mína innri æfi, en data skal ég gefa þér við tækifæri." Hér má sjá að Stefán hefur varpað fram þeirri hugmynd að skrifa ævisögu Halldórs en hann tekur ekkert allt of vel í það. Stefán er ekki nema 31 árs gamall og Halldór er 26 ára. Næstu tvö árin vinnur Stefán þó að því að skrifa ævisöguna ásamt kennslu og öðrum verkum og bréfin flugu á milli þeirra auk þess sem Halldór benti Stefáni á hvaða vinum sínum hann hefði skrifað á umliðnum árum. Þessi bréf urðu (tilvitnun í grein Vésteins) „síðan meðal meginheimilda Stefáns - og síðari fræðimanna - um þroskaferil Halldórs og hugmyndaheim hans." Í gegnum þessi bréfaskipti urðu þeir einnig mjög nánir vinir.
Orðrétt segir einnig svo í fyrirlestri Vésteins: „Þótt rit Stefáns um Halldór Kiljan hafi því miður aldrei birst opinberlega, hélt hann allmarga fyrirlestra um verk hans og birti um hann greinar auk kafla í yfirlitsritum. Hann átti þannig drjúgan hlut í að kynna Halldór og verk hans í enskumælandi heimi. Heimildasöfnun Stefáns var grundvöllur síðari rannsókna og raunar undirstaða allra frásagna af þroskasögu Halldórs Kiljans Laxness fram til þess að hann hóf ritun raunsæislegra skáldsagna með Sölku Völku. Allir síðari höfundar hafa byggt mikið á ritverkum Svíans Peters Hallberg, sem birtust upp úr miðri síðustu öld. Í greinargerð um heimildir segir Hallberg frá því að Stefán hafi látið honum í té afrit af bréfum til Halldórs, filmur af handritinu Rauða kverið og dagbók frá klausturdvöl, auk handrits að eigin verki, [tilvitnun Hallbergs] „þar sem hann hefur gert ýtarlega grein fyrir ævi og ritferli Laxness til loka Ameríkudvalar hans 1927–'29. Án þessara frumrannsókna hefði starf mitt orðið mun erfiðara viðfangs.""
Á árunum sem þeir Stefán og Halldór voru í þessum bréfaskiptum stóð Halldór á tímamótum. Hann hafið farið til Ameríku til að freista gæfunnar en ákvað svo að snúa heim og skrifa sögur um íslenskt alþýðufólk. Hann var byrjaður að skrifa Sölku Völku og hluti verksins kom út um það leyti sem Stefán lauk við ævisöguna.

Í bréfunum koma fyrir nokkrir skemmtilegir staðir sem ég vil deila með ykkur. Þann 5. maí 1935 skrifar Halldór:
„Kæri vinur,
Þakka þér fyrir sendingarnar, þessi ævisaga mín er mjög ósympatisk, ef maður lítur á heimildirnar, ég á við bréf mín. Svona hefur þetta alt saman verið. Það er alveg merkilegt hvað ég hef verið ósympatisk fígúra, og einkennilegt, að ég skyldi altaf eiga góða vini."

Í löngu bréfi sem Stefán skrifar 8. ágúst sama ár segir hann m.a.: „Til þess að gefa þér einhverja hugmynd um álit mitt eða skilning frá psycoanalyt. sjónarmiði skal eg geta þess, að mér virðist þú vera typiskt dæmi upp á mann með inferiority complex sem snýst upp í hið hatrammasta masculine protest sem hugsast getur og gerir þig að genii."
Þessi kenning er útfærð nánar í bréfinu og síðar í lokakafla ritsins.

Vésteinn bendir á hversu bréf Halldórs fjalla eingöngu um hann sjálfan og verk þeirra Stefáns, en í bréfi frá 3. október 1931 „skýtur hann inn afsökunarbeiðni frá Ingu konu sinni sem ekki hafi getað gert Stefáni umbeðinn greiða. „Inga biður afsökunnar á því að hún svaraði ekki, hún var nefnilega að eiga krakka.“ Ekki var fleira um frumburð þeirra hjóna.“
Í þessu sama bréfi segir Halldór: „Mér finst, að rit þitt einkenni í senn umönnun, vandvirkni og einlægni. Ég er dálítið á móti því að kalla þetta „æfisögu“, - geturðu ekki sett eitthvað óalmennara, t.d. „Halldór Kiljan Laxness, inngángur að nokkrum ritverkum hans“, eða eitthvað í þeim stíl?“

Þó svo að þessi ítarlega samantekt Stefáns um Halldór Kiljan Laxness hafi ekki komið út á prenti þá má álykta sem svo að hún hafi orðið kveikjan að því að Stefán hélt áfram að skrifa um íslensk skáld. Í ritinu *Islandica* birti hann árið 1948 greinina *History of Icelandic prose writers 1800-1940* sem hann tileinkaði Halldóri Hermannssyni.

Í bókinni *Skáldaþing* sem einnig kom út 1948 segir Stefán í eftirmála: „Vorið 1944 sótti Ólafur Jóhann Sigurðsson mig heim í Baltimore. Sá hann nokkrar greinar þær, sem ég hafði skrifað um íslenzk skáld og stakk upp á því að reyna að koma þeim á prent heima á Íslandi.“
Stefán lét ekki þar við sitja heldur hóf hann nú að vinna að gerð fyrstu bókmenntasögu Íslands. Hann viðaði að sér íslenskum bókum og skrifaðist á við þá höfunda sem voru ofar moldu til þess að fá réttar heimildir um þá. Bókmenntasagan kom fyrst út á ensku árið 1957 undir heitinu *A History of Icelandic Literatur,* gefin út í New York. Árið 1961 kom hún svo út í endurbættri mynd á íslensku undir heitinu *Íslenzk bókmenntasaga, 874-1960*, gefin út af Snæbirni Jónssyni.

Ári áður en bókmenntasagan kom út á íslensku dvaldi Stefán hér heima á Íslandi í tæpa fjóra mánuði á heimili Jóns, sonar Ingibjargar eiginkonu hans. Tveimur stórum borðum var komið fyrir í herbergi Sigríðar Lóu, dóttur Jóns, svo hún rétt gat smeygt sér í rúmið. Hún minnist þess að þegar hún var að sofna á kvöldin hafi hún horft á Stefán þar sem hann hafi setið við þessi tvö stóru borð með endalausa smáseðla sem hann færði fram og til baka. Lítil en falleg minning um gerð stórvirkis.

Að síðustu vil ég aðeins minnast á Breiðdalssetur og húsið sem hýsir það. Fyrir nær 20 árum tókst nokkrum einstaklingum með samstilltu átaki að koma í veg fyrir að gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík yrði rifið og í framhaldi af því var stofnað félag sem fékk nafnið „Gamla kaupfélagið.“ Verkefni félagsins var að taka við þessu gamla kaupfélagshúsi og gera það upp í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins. Húsið var byggt árið 1906 en var vægast sagt orðið mjög illa farið bæði að utan og innan. Félagsmenn greiddu gjald til þess að hefja uppbygginguna og fyrstu styrkirnir sem fengust til þeirra starfa voru greiddir inn á kennitölu smiðsins þar sem félagið sjálft var ekki komið með kennitölu. Árið 1998 var varpað fram þeirri hugmynd að minnast Dr. Stefáns Einarssonar í þessu húsi sem eins helsta fræðimanns Breiðdals og þannig komum við, ég og eiginkona mín, Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir að þessu máli. Hún er dótturdóttir Ingibjargar Árnadóttur, seinni eiginkonu Stefáns og nánasti aðstandandi hans. Margt vatn hefur síðan runnið til sjávar og ýmislegt hefur gerst. Í stjórn „Gamla kaupfélagsins“ sátu m.a. Guðjón Sveinsson rithöfundur og seinna Páll Baldursson sagnfræðingur en svo fór að eftir að Páll varð sveitarstjóri Breiðdalshrepps tók sveitarfélagið við því verki að sjá um að ljúka uppgerð hússins. Húsið var formlega opnað 23. ágúst 2008 með sýningu um jarðvísindamanninn Dr. George Walker sem rannsakaði jarðfræði Austurlands frá 1954-65. Fyrir rúmu ári síðan var Breiðdalssetur svo formlega stofnað með aðstöðu í „Gamla kaupfélaginu.“ Að stofnuninni stóðu Breiðdalshreppur, Ómar Bjarki Smárason sem fulltrúi fyrir aðstandendur og fjölskyldu jarðfræðingsins Dr. George Walker og Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir fyrir hönd aðstandanda Dr. Stefáns Einarssonar

málvísindamanns, en þeir eru afkomendur Ingibjargar Árnadóttur seinni eiginkonu Stefáns. Stjórn Setursins var skipuð, en í henni sitja Stefanía Kristinsdóttir formaður sem fulltrúi Þekkingarnets Austurlands, Pétur Pétursson varaformaður og gjaldkeri sem fulltrúi Breiðdalshrepps, Vésteinn Ólason sem fulltrúi Stofnunar Árna Magnússonar, Smári Ólason sem fulltrúi aðstandenda Stefáns Einarssonar og síðast, en ekki síst, Björn Björgvinsson sem fulltrúi fjölskyldu og aðstandenda George Walkers. Ég leyfi mér að fullyrða, að gamla kaupfélagshúsið stæði ekki í þeirri mynd sem það er í dag og stæði jafnvel alls ekki, nema fyrir tilstilli Björns. Með öruggri hendi hefur hann frá fyrstu tíð séð um alla smíðavinnu og stýrt öllum framkvæmdum við húsið. Það er svo sannarlega risið úr öskustó og er nú með fallegri uppgerðum húsum á landinu. Vakandi og sofandi hefur hann einnig átt stóran þátt í að móta þá starfsemi sem komin er inn í húsið. Í sjálfu sér er það fullkomlega þess virði að gera sér ferð til Breiðdalsvíkur bara til þess að skoða húsið, en þess má geta að Samfélagssýning verður opnuð þar 2. júní n.k. Aðeins viku seinna, þann 9. júní, á 115. afmælisdegi Stefáns verður haldið málþing um hann í sal Þjóðarbókhlöðunnar. Ég vil hvetja fólk til að koma þá og kynnast nánar þessum merka manni sem full ástæða er til að minna á. Hann var heimsborgari og virtur fræðimaður en hann var líka sannur íslenskur sveitamaður sem leið hvergi betur en í sinni gömlu heimasveit. Lokaorð Stefáns í formála að Breiðdælu sem út kom árið 1948 eru svohljóðandi: „ … enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og endurminningin merlar æ í mánaskini það sem var. Því dvelur hugurinn gjarna á fornum slóðum og fæst við það löngum að byggja þar hillingalönd og loftkastala minninganna. Og í þeim hillingalöndum þykir okkur gömlum Breiðdælum enn gott að dvelja.“

Að lokum vil ég þakka starfsfólki Þjóðarbókhlöðunnar fyrir að leyfa okkar að setja upp þessa sýningu hér svo og hönnuði sýningarinnar, Lindu Stefánsdóttur, fyrir hennar framlag.